



Fundargerð

Fundur í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps
mánudaginn 11. janúar 2016 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykólum.

Mætt: Karl Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson og Rebekka Eiríksdóttir. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, engin mál bárust. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar 7. desember 2015.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1601001 – Gjaldskrár 2016 , Reykólahöfn.

Farið yfir gjaldskrána. Gjaldskráin er hækkuð sem nemur vísitölu neysluverðs, lágmarksgjald í 11. gr. hækkað í 145 kr. Nýr liður er settur inn í gjaldskrána varðandi úrgangs- og förgunargjald og tengigjald fyrir rafmagn. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

3. 1509015 – Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum.

3.1 Endurskoðun áætlunar.

3.2 Eftirlit Umhverfisstofnunar 2015, niðurstöður og áætlun um úrbætur.

Lögð fram endurskoðuð áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum. Áætlunin samþykkt samhljóða.

Farið yfir eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar og lögð fram áætlun um úrbætur.

Áætlun um úrbætur samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóra falið að senda áætlunir til staðfestingar til Umhverfisstofnunar. Samþykkt samhljóða.

4 1601011 – Skálmarnesmúli 221-5355, afskráning fasteignar.

Erindi frá Steinunni Pétursdóttur dagsett 31. desember 2015.

Byggingafulltrúa falið að vinna að málinu og afskrá eignina. Samþykkt samhljóða.

5 1601003 – Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 – Kaldárvirkjun.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, Kaldárvirkjun, samþykkt samhljóða.

6 1601004 - Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 – Þverárvirkjun.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, Þverárvirkjun. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

4. 1601002 – Gjaldtaka í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum.

Erindi frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti dagsett 22. desember 2015.

Erindi lagt fram og kynnt.

- 3 1510008 – Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.

Fundargerð símafundar hóps sveitarstjóra og ráðgjafa 7. desember 2015.

Fundargerð lögð fram og kynnt.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

Farið yfir fundargerðina, fundi slitið kl. 11.10.

_____	_____
_____	_____
_____	_____